

Miðvikudaginn 2. febrúar 1955.

Nr. 143/1953. **Akureyrarkaupstaður** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Porkeli Björnssyni, eiganda jarðarinnar Kífsár, og Vilhjálmi Jónassyni, eiganda jarðarinnar Hesjuvalla (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál um landamerki. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1953. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur höfðað mál þetta sem landamerkjамál og krafizt þess, að landamerki milli jarðanna Kífsár og Hesjuvalla verði ákveðin með öðrum hætti en eigendur jarðanna, hinir stefndu í máli þessu, höfðu ákveðið með landamerkjagerð hinn 18. ágúst 1952. Stefndu höfðu fullan rétt til að ákveða merki milli jarða sinna, og getur áfrýjandi ekki haggað merkjagerð þeirra, en geta má þess, að áfrýjandi hefur í máli þessu engin rök fært fram fyrir því, að stefndu hafi árið 1952 breytt merkjum jarðanna frá því, sem áður hafði verið, þar á meðal árið 1914, er áfrýjandi fékk rétt til vatnstöku í svonefndum Hesjuvallalindum.

Þar sem stefndu höfðu löglega ákveðið landamerki jarða sinna, sem þeir voru bærir til, svo sem að framan greinir, brast áfrýjanda alla aðild til að fá þeim breytt. Er kröfugerð hans því með þeim hætti, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi, að undanskildum ákvæðum dómsins um þóknun samdómsmanna og málskostnað til stefndu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um þóknun til samdómsmanna og málskostnaðargreiðslu úr hendi áfrýjanda, Akureyrarkaupstaðar, til stefndu, Þorkels Björnssonar og Vilhjálm Jónassonar, eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera ómerkur, og vísast sakarefninu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 20. júlí 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 17. þ. m., var höfðað að tilhlutun dómsformanns samkvæmt 8. gr. landamerkjálaga nr. 41 28. nóvember 1919, og eru tildrög þess sem hér segir:

Með bréfi, dags. 6. október 1952, var tilkynnt af hendi bæjarstjórans á Akureyri vegna bæjarstjórnar Akureyrar, að ágreiningur, sem máli skipti fyrir Akureyrarkaupstað, væri risinn út af landamerkjum Hesjuvalla og Kífsár í Kræklingahlíð í Glæsibæjarhreppi. Með afsali, dags. 13. júní 1914, hafi eigandi Hesjuvalla látið af hendi til Akureyrarkaupstaðar réttindi til vatnstöku fyrir vatnsveitu kaupstaðarins í svonefndum Hesjuvallalindum og síðan hafi vatn verið virkjað þarna í þessu skyni. Þann 18. ágúst s.l. hafi eigendur Hesjuvalla og Kífsár undirritað sameiginlega landamerkjálýsingu milli þessara jarða og látið innrita til þinglýsingar, án þess að hreppstjóri eða forráðamenn Akureyrarkaupstaðar væru til kvaddir, en merkjalýsing þessi fari í bág við fyrri merkjaskrár og sé með henni gengið á rétt Akureyrarkaupstaðar um vatnsréttindi í Hesjuvallalandi, þannig að talsvert lindasvæði sé nú talið í Kífsárlandi, sem raunverulega sé í Hesjuvallalandi. Á lindasvæði þessu, sem þannig gangi undan Hesjuvöllum, hafi Vatnsveita Akureyrar þegar látið virkja talsvert vatn, og krefjist nú eigandi Kífsár fébóta fyrir. Í nefndu bréfi frá 6. október s.l. var þess að lokum óskað, að ágreiningur þessi yrði jafnaður samkvæmt landamerkjälögum eða úr honum skorið með dómi, ef með þyrfti.

Málsaðiljar voru kvaddir á dómþing út af máli þessu þann 14. sama mán. Var þar gerð sú krafa af hendi Akureyrarkaupstaðar,

að viðurkennt verði með dómi, að lækur, sem Vatnsveita Akureyrar lét á sínum tíma gera stíflu í, sem síðan var endurbyggð neðar í sama læk árið 1951, ráði merkjum milli jarðanna Hesjuvalla og Kífsár. Lækur þessi sé nefndur Merkjalækur eða Merkislækur og sé látinn ráða merkjum í landamerkjaskrá frá 1884 og 1922. Þá var og krafizt málskostnaðar úr hendi jarðeigenda eftir reikningi eða mati dómsins.

Eigendur Hesjuvalla og Kífsár gerðu þær kröfur af sinni hendi, að landamerki þau verði viðurkennd rétt, sem tilgreind eru í sameiginlegri yfirlýsingu þeirra frá 18. ágúst s.l. og fyrr getur. Auk þess krefjast þeir málskostnaðar sér til handa úr hendi Akureyrarkaupstaðar.

Sáttaumleitun bar ekki árangur, og var landamerkjadómur skipaður, sem síðan hefur farið með málið. Uppdráttur hefur verið gerður af svæði því, sem um er deilt í málinu, mörg vitni hafa verið leidd og dómendur hafa ásamt málsaðiljum gengið á merkin, svo sem lög gera ráð fyrir.

Um landamerki Hesjuvalla gagnvart Kífsá segir svo í landamerkjaskrá frá 1884: „Að utan (norðan) úr nefndum steini við Lónið og beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum, síðan ræður Merkjalækurinn upp í fjall.“ Um landamerki Kífsár gagnvart Hesjuvöllum segir svo í landamerkjaskrá frá 1922: „Að sunnan: Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið, beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður Merkjalækurinn merkjum upp á Fjall.“ Um þessi landamerki segir svo í landamerkjalyýsingu Hesjuvalla- og Kífsárþænda frá 18. ágúst s.l.: „Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið, beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður Merkjalækurinn, þar til hann skiptist milli fossa í fjallinu sunnan við svokallað Breiðholt. Eftir það ræður syðri kvísl lækjarins í steypa þró á Skálabrún, þaðan í gil í skálinni og á fjallið, þar sem það byrjar að lækka norðan við Mannshrygg.“

Eins og getur í síðastgreindri merkjalýsingu, er um tvo læki að ræða uppi í fjallinu, sem renna saman, og ágreiningurinn í máli þessu ræðir um það, hvort nyrðri eða syðri kvísl lækjarins sé Merkjalækur, áður en lækir þessir renna saman. Upptök þeirra eru í uppsprettum í Hlíðarfjalli fyrir ofan svonefnda Skálabrún. Nyrðri lækurinn nær nú nokkru lengra upp heldur en sá syðri, og í honum er talsvert meira vatn og farvegur hans er víða dýpri. Er því haldið fram af hálfu Akureyrarkaupstaðar, að sá lækur ráði merkjum, og nái vatnsréttindi bæjarins til linda allt norður að þeim læk.

Vatnsveitustjóri bæjarins og annar starfsmaður vatnsveitunnar, sem komið hafa fyrir dóm, kveðast hafa álitíð nyrðri lækinn ráða merkjum og hagað framkvæmdum eftir því.

Vilhjálmur Jónasson, bóndi að Hesjuvöllum, hefur búið þar síðan

um aldamót. Hann hefur komið fyrir dóm og staðhæfir hann, að syðri lækurinn sé merkjalækur. Kveðst hann hafa það eftir ábúanda þeim, sem þar bjó næstur á undan. Vatnsmagn í syðri læknum telur hann nú mjög þorrið, sökum þess að uppsprettum hans hafi verið veitt í Vatnsveitu Akureyrar, en áður hafi verið í honum fossandi vatn.

Vitnið Haraldur Þorvaldsson, verkamaður á Akureyri, bjó að Kífsá árin 1920—1926. Fráfarandi ábúandi Kífsár, sem nú er látinn, tjáði vitninu, að syðri lækjarkvíslin réði merkjum, og bar því saman við það, sem Vilhjálmur bóndi á Hesjuvöllum tjáði vitninu.

Vitnið Steindór Pétursson, Krossastöðum í Glæsibæjarhreppi, bjó að Kífsá 1926—1929. Hallgrímur hreppstjóri Hallgrímsson á Rifkelsstöðum, sem var umboðsmaður jarðeigandans, sýndi vitni þessu landamerki jarðarinnar og sagði, að syðri lækurinn réði merkjum. Vitni þetta minnti, að það hefði heyjað í tungunni milli lækjanna.

Vitnið Árni Jakob Stefánsson, trésmiður á Akureyri, dvaldi að Kífsá 1930—1938, fyrst hjá föður sínum, en tók sjálfur við ábúð jarðarinnar 1936. Hann kveður föður sinn hafa fengið byggingarbréf fyrir jörðinni 1930, og gaf Hallgrímur hreppstjóri Hallgrímsson það út. Byggingarbréfi þessu fylgdi landamerkjabréf, en bæði þessi bréf eru nú glötuð. Telur vitnið, að í landamerkjabréfi þessu hafi verið skráð, að Merkjalækurinn réði merkjum upp fyrir Fossabrún, sem er fyrir neðan Breiðholt. Síðan ráði syðri lækur í stefnu norðanvert við Mannshrygg. Vitni þetta og önnur vitni hafa borið, að Vilhjálmur bóndi að Hesjuvöllum hafi aldrei heyjað norðan við syðri lækinn, enda þótt hann heyjaði oft þarna í fjallinu og upp með læknum sunnanvert.

Þegar virt er vætti þessara vitna og aðiljaskýrsla Vilhjálms Jónassonar, sem búið hefur á Hesjuvöllum yfir 50 ár og hefur óhag af því, að syðri lækurinn ráði merkjum, svo sem hann þó staðhæfir, þykir merkjadóminum augljóst, að syðri kvísl oftnefnds lækjar ráði merkjum á þessu svæði. Brýtur það engan veginn í bág við eldri merkjalýsingar, enda telur dómurinn landamerkin óbrotnari og eðlilegri með þeim hætti, heldur en ef nyrðri lækurinn réði merkjunum. Ber því að staðfesta merkjagerðina frá 18. ágúst 1952 sem rétt merki milli Hesjuvalla og Kífsár.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma Akureyrarkaupstað til þess að greiða eigendum Hesjuvalla og Kífsár málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 1700.00 til hvors. Þá ber og að dæma Akureyrarkaupstað til þess að greiða meðdómendum merkjadómsins þóknun, sem hér segir: Valdimar Pálssyni kr. 700.00, Hólmgeiri Þorsteinssyni kr. 550.00 og Jónasi Snæbjörnssyni kr. 150.00.

Friðjón Skarphéðinsson sýslumaður ásamt meðdómendum Valdimar Pálssyni og Hólmgeiri Þorsteinssyni hafa kveðið upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Landamerkjalyýsingin frá 18. ágúst 1952 staðfestist sem rétt merkjagerð milli Hesjuvalla og Kífsár. Bæjarstjórnin á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar greiði þeim Þorkeli Björnsyni og Vilhjálmi Jónassyni málskostnað, kr. 1700.00 til hvors, og þóknun meðdómendanna þannig: Valdimar Pálssyni kr. 700.00, Hólmgeiri Þorsteinssyni kr. 550.00 og Jónasi Snæbjörnsyni kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1955.

Nr. 25/1953. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Halldóri Kiljan Laxness (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn ákvæðum gjaldeyrislaga.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem í héraðsdómi greinir og þar eru færð til rétttra refsíákvæða, þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Kiljan Laxness, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.